Formannafundur Aftureldingar fimmtudaginn 13. október 2026

Haldinn í nýju félagsrými Aftureldingar að Varmá klukkan 20:00

Frá aðalstjórn: Ásgeir Jónsson, Hrafns Ingvarsson, Níels Reynisson og Geirarður Long

Blakdeild: Gunna Stína, Einar Friðgeir og Ólöf B. Ólafsdóttir

Fimleikadeild: Ragnheiður Arnadóttir

Frjálsíþróttadeild: Teitur Ingi

Handknattleiksdeild: Sigurður Straumfjörð, Sveinn Líndal, Gunnar Pétur

Knattspyrnudeild: Hafdís Sæland, Karl Maack, Sigurður Rúnar og Katrín Jónsdóttir

Körfubolti: Heiðar Logi Jónsson

Sunddeild: Sandra og Elín

Badminton: Inga María, Viktor Þórir og Sunna Brá

Taekwondodeild:

Karatedeild: Anna Olsen og Kristján Halldórsson

Hjóladeild: Gissur Örlygsson

Skrifstofa: Einar Ingi og Hanna Björk

Formaður setti fund og bauð gesti fundarins velkomna, og sérstakalega velkomna í nýtt félagsrými Aftureldingar. Mikið gleðiefni að þetta sé að verða að veruleika, rými sem félagið hefur beðið eftir í langan tíma og mun breyta starfinu til hins betra.

Fundur settur 20:00

Fundur hófst á því að boðið var uppá köku og Ásgeir bað gesti fundarins, formenn, að taka stuttan hring og fara yfir hvernig hefur gengið á fyrstu vikum nýs starfsárs.

Ásgeir formaður félagsins fór svo yfir dagskrá fundarins.

DAGSKRÁ

Launatafla Aftureldingar

Nýr samningur við Jako

Heimasíða Aftureldingar

Rafrænar undirritanir

Ný félagsaðstaða

Gervigreind og markaðsefni félagsins

Samstarf við Gáska - sjúkraþjálfun

Styrktarsalir

Starfsdagur þjálfara

Vallarhúsið

Þjónustubyggingin

Íþróttamaður ársins

Hrós

Önnur mál

1. Launatafla Aftureldingar

Á síðasta formannafundi í mars síðastliðnum var kynnt til vinna sem félagið hefur staðið í til að samræma laun aðstoðarþjálfara félagsins, þjálfara félagsins 18 ára og yngri.

Eftir þessu hefir verið kallað undanfarin ár, að unglingar innan félagsins sem starfa þvert á deildir gangi að sömu launum. Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðuna, sem er hægt að sjá hér að neðan.

Aldur í upphafi annar	Laun tímavinna	Orlof	Laun + orlof	Launatengd gjöld	Kostnaður f. félagið
13 ára (2013)	1,087.00 kr	184.79 kr	1,271.79 kr	95.38 kr	1,367.17 kr
14 ára (2012)	1,450.00 kr	246.50 kr	1,696.50 kr	127.24 kr	1,823.74 kr
15 ára	1,970.87 kr	335.05 kr	2,305.92 kr	172.94 kr	2,478.87 kr
16 ára	2,331.74 kr	396.40 kr	2,728.13 kr	463.78 kr	3,191.92 kr
17 ára	2,612.27 kr	444.09 kr	3,056.35 kr	519.58 kr	3,575.93 kr
18+	2,935.13 kr	498.97 kr	3,434.10 kr	583.80 kr	4,017.90 kr

		2,935 kr	18 ára	2,776 kr	18 ára
		VR	VR	Efling	Efling
	14 ára	62%	1,820 kr	62%	1,721
	15 ára	71%	2,084 kr	71%	1,971
	16 ára	84%	2,466 kr	84%	2,332
	17 ára	89%	2,612 kr	89%	2,471

Launatafla Aftureldingar er byggð á kjarasamningi VR, kjarasamningi Eflingar og sjónarmiðið vinnuskólans fyrir yngstu hópana. Vinnan var unninn í samstafi við Fimleikadeild, þar sem fimleikadeild kom með hugmynd af vinnuskóla 13 og 14 ára til framkvæmdastjóra.

Það skapaðist fín umfræða um málið á fundinum og almennt ánægja með að þetta sé komið í fasta skorður.

Hvað varðar hækkun launa, þá segir reglan um launaföfluna að laun hækki samkvæmt aldri að hausti en ekki í upphafi árs eins og á almenna vinnumarkaði. Þó deildum sé heimilt að hækka við upphafi árs, samanber fimleikum og Badminton sem núþegar hafa tileinkað sér nýja töflu.

Framkvæmdastjóri mun deila þessu með formönnum og deildum og vista inná sharepoint síðu deildanna á næstu dögum.

Unnið verður eftir tölfunni þvert á félagið við næstu launakeyslu. Deildum er að sjálfsögðu heimilt að greiða hærri laun en viðmiðið segir til um, sé hlutverk og/eða reynsla einstaklings þannig.

2. Nýr samningur við Jako

Ásgeir upplýsir um að aðalstjórn hefur ályktað á fundi sínum að ganga að samningaborðinu við Jako um nýjan 4 ára samning við Jako um búningamál félagsins.

Framkvæmdastjóri upplýsir um stöðun og að hann hafi átt í samtali við flestar deildir núþegar og vinnan við nýjan samning í fullum gangi.

Einhverjar deildir hafa lýst yfir vilja til að gera sérákvæði er kemur að keppnisfatnaði í einstaka flokkum, og er sú umræða í gangi með Jako.

Það kom pæling úr sal er varðar afslátt til stjórnarmanna, þar sem ákveðin gulrót við að starfa innan stjórnar félagsins gæti verið einhver fastur afsláttur hjá Jako. Það væri þá listi sem kæmi frá framkvæmdastjóra.

Þetta er pæling sem framkvæmdastjóri fer með áfram inní samtalið, ásamt hópkaupa umræðu þegar kemur að kaupum á peysum eða bolum fyrir keppnis- og æfingaferður á vegum félagsins.

Eins og áður verður þá byggist samningurinn á þarfagreiningu deildanna, og úttektum samkvæmt því.

3. Heimasíða Aftureldingar

Það hefur verið ákveðin krafa um að uppfærslu á heimasíðunni.

Framkvæmdastjóri fór yfir uppfærslu á ákveðnum hlutum sem hafa átt sér stað undanfarið. Þar sem litakóði var uppfærður, undirflokkar samræmdir ásamt því að útlitið innan hópa og ný deildarmynd sett inn. Einnig hefur yfirlit þjálfara, yfirlit stjórna og æfingatafla deildana verið samræmd.

Hinsvegar er samtalið er varðar nýja uppfærða síðu enþá virkt, og viljin skýr innan félagsins að uppfæra síðuna en meira. Sú vinna mun halda áfram

4. Rafrænar undirritanir

Formaður leggur áherslu á mikilvægi rafrænnar undirritunar, þar sem allir samningar félagsins eiga að fara þannig í gegn.

Lang flestir búnir að tileina sér það ferli, en samt eru samningar enþá að fara öðruvísi í gegn og ekki að skila sér til skrifstofu..

Þetta er gert til þess að auka gagnsæi, styðja við verkaskiptingu deilda og reglugerðir félagsins.

Framkvæmdastjóri hvetur alla til að hafa samband ef eitthvað er óljóst eða óska eftir að samnignar séu settir upp til undirritunar.

5. Ný félagsaðstaða

Eins og formaður nefndi þá er þetta rými sem fundurinn er haldinn í bylting í okkar starfi. Þessvegna er mjög mikilvægt að gengið sé almennilega um, það sem er skilið eftir er talið sem rusl eða í eign félagsins.

Opnað verður fyrir bókanir innan tíðar, aðgengið að utan er að klárast, og það er alveg skýrt frá framkvæmdastjóra að slæm umgengni verður „gult spjald“. Unnið er að virkja nýtt bókunarkerfi þar sem bókun fer fram, undir nafni og skýringu viðburðar hverju sinni.

Í framhaldinu munu svo vinnustofur þjálfara og sjálfboðaliðakvöld sett á laggirnar.

6. Gervigreind og markaðsefni

Stutt skilaboð frá framkvæmdastjóra, verum fagleg og vöndum til verka þegar kemur að gervigreind og markaðsefni félagsins.

Númer 1,2 og 3 logoið þarf að vera rétt, það er ekkert mál að taka myndir/hönnun úr gervigreindinni inní t.d. Canva til að uppfæra logo-ið sérstaklega.

Hægt er að fá aðstoð skrifstofu ef þess þarf.

7. Samstarf við Gáska sjúkraþjálfun

Formaður fór yfir opið samtal aðalstjórnar og Gáska um samstarf er varðar unga iðkendur félagsins. Þar sem aðgengi iðkenda félagsins yrði greiðara til sjúkraþjálfara og ferlið við meiðsli skilvirkara.

Umræður mynduðust um læknisvottorð sem þarf til að fá beiðni í sjúkraþjálfun. Það ferli verður eins og áður, en bent var á að hægt er að fara í 5 skipti til sjúkraþjálfara án þess að beiðni frá lækni liggi fyrir.

8. Styrktarsalir

Formaður fór yfir styrktarsali félagsins, en eins og staðan er þá er neðri salurinn sem við höfum verið að standsetja að detta í gott stand. Það vantar enþá nokkra hluti, rekka og stangir en einhverjir hópar hafa byrjað að æfa þarna inni.

Þannig erum við með tvo sali sem er að fullu í okkar umsjón, Hjalti Úrsus sem hefur verið niðri er farinn út og með starfsemina sína annað. Þannig höfum við þurft að fjárfesta í töluvert af tækjum og öllu því sem nýtt er í sölunum, en einnig hefur uppröðun og endurskiulagning átt sér stað í efri sal á sama tíma.

Chase Steffens styrktarþjálfari innan handbolta og fótbolta verður einnig yfirumsjónaraðili á vegum félagsins, og hefur hann núþegar verið í sambandi við aðra styrktarþjálfara innan félagsins til að stilla strengi og auðvelda samskipti.

Þetta er talið stórt og gott skref fyrir félagið þannig að aðgengi og aðstaða batnar til muna.

9. Starfsdagur þjálfara

Starfsdagur þjálfara félagsins fór fram í gærkvöldi. Það eru mikil vonbrigði að sjá þátttökuna hjá þjálfurum félagsins, en þetta er vettvangur fyrir þá að hittast, sem hefur veirið kallað eftir, og á sama tíma mikilvæg fræðsla. Yfirþjálfara þurfa að vera betri tenging inní þjálfarahópinn sinn og tala fyrir mikilvægi fundarins.

Þetta var flottur fundur þar sem Ásgeir formaður fór yfir verkefnið sem er farið af stað með Óla Stef, Birna og Thelma kynntu niðurstöður af sínu verkefni frá því síðasta vetur, og að lokum kom Kristín frá samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs og talaði um mörk og samskiptaleiðir þjálfara við foreldra og iðkendur.

Í kjölfarið af umræðu munum við útbúa blað sem útskýrir samskiptaleiðir félagsins.

10. Vallarhúsið

Stuttlega farið yfir Vallarhúsið, en umgengni hefur ekki verið góð, drasl skilið eftir og annað. Íþróttafulltrúi hefur sent póst um dót sem þarf að taka, annars verður öllu hent sem ekkert sótt og Vallarhúsið þrifið.

Einnig vantar hátt í 30 stóla úr vallarhúsinu sem einhver hverf fengið „lánað“

Sérstakt mál, og endilega hafið augu og eyru opin.

11. Þjónustubyggingin

Vonast er til að samningur um byggingu þjónustubyggingar fari fyrir bæjarráð næstkomandi fimmtudag, fimmtudagurinn 22.október.

12. Íþróttamaður ársins

Lagt er til að tímasetning íþróttamanns ársins verði breytt, og í stað þess að halda viðburðinn þegar fáir komast á milli jóla og nýars eins og undanfarin ár. Þá í staðinn halda hann í lok nóvember í upphafi aðventu.

Íþróttafulltrúi lagði þetta til, sagði þetta bæði bæta mætingu og auðvelda vinnu við viðburðinn í stað þess að halda þetta í miðjum jólum.

Tillagan var samþykkt.

13. Hrós

Framkvæmdastjóri hrósar deildum fyrir áætlunarskil, sem hefur gengið mjög vel, flestar deildir hafa tileinkað sér sharepoint svæðin og byrjuð að vernda gögn deildarinnar. Sama með reikningar.afturelding.is, en sú breyting er stór fyrir félagið og gengið almennt mjög vel. Skrifstofa hefur stutt vel við þá sum þurfa aðstoð og gaman að segja frá því að Aftureldingar er framar flestum þegar kemur að þessum kröfum um rafræna reikninga.

14. Önnur mál

Gunna Stína formaður blakdeildar var með nokkur mál undir lok fundarins.

Það kom fyrirspurn er varðar Myntkauphöllin vs. Myntkaup höllin á kynningarefni. Niðurstaðan er notkun Myntkaup höllin til að vernda vörumerkið.

Klefamál á leikdegi blaksins voru til umræðu, en eitthvað hefur verið um að úti lið hafa ekki fengið nægileg góðan klefa. Þetta á ekki að vera vandamál, og verður kannað.

Einnig virðast öll hleðslutæki fyrir posa félagsins vera týnd, skrifstofa mun panta fleiri frá Teyja og verður leyst strax í vikunni.

Ásgeir formaður þakkaði fyrir fundinn, óskaði góðs gengis og sleit fundi í kjölfarið.

Fundi slitið klukkan 21:50